

### AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur KFH verður mánudaginn **24. október kl. 17:00** að Háaleitisbraut 58-60. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekju flytur séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður KFH. Í fundarlok verður boðið upp á súpu og brauð. Félagsfólk er hvatt til að fjölmenna á aðalfundinn.

### Félagsfundir KFH veturinn 2011-2012

í Kristniboðssalnum Háaleitisbraut 58-60 kl. 17:00  
Súpa og brauð í lok funda.

**Mánudagur. 24. október. Aðalfundur.** Venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekju flytur séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður KFH.

**Mánudagur 21. nóvember.** Vægi andlegrar og trúarlegrar þjónustu. Björn Zoëga, forstjóri Landspítala fjallar um efnið. Hugvekja: Rannveig Sigurbjörnsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

**Mánudagur 30. janúar.** Andleg og trúarleg þjónusta – áherslur stjórnvalda. Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri hjá Velferðarráðuneytinu fjallar um efnið. Hugvekja: Þórdís Klara Ágústsdóttir, ljósmóðir Landspítala.

**Mánudagur 27. febrúar.** Viðhorf mitt til andlegrar og trúarlegrar þjónustu á heilbrigðisstofnunum. Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu. Hugvekja: Birna Gerður Jónsdóttir, ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur Landspítala.

**Mánudagur 14. mars.** Andleg og trúarleg þjónusta á heilbrigðisstofnunum – áherslur landlæknisembættis. Geir Gunnlaugsson, landlæknir. Hugvekja: Laura Scheving Thorsteinsson, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu.

**Mánudagur 23. apríl.** Vatn og heilsa. Fundur um hjálparstarf á erlendum vettvangi. Bjarni Gíslason, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar fjallar um efnið og flytur hugvekju.

### Tímarit KFH

Næsta tölublað KFH kemur út í lok þessa árs. Tímaritið er sent til félagsfólks og dreift á heilbrigðisstofnanir. Einnig liggja eintök frammi á félagsfundum og hjá stjórn KFH. Félagsfólk er hvatt til að kynna blaðið og dreifa sem víðast.

### Stjórn KFH haustið 2011

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður, [guðlauga@landspitali.is](mailto:guðlauga@landspitali.is)  
Anna Ólafía Sigurðardóttir, varaformaður, [annaosig@landspitali.is](mailto:annaosig@landspitali.is)  
Sigrún Gunnarsdóttir, ritari, [sigrungu@hi.is](mailto:sigrungu@hi.is)  
Bergþóra Baldursdóttir, gjaldkeri, [bergbald@landspitali.is](mailto:bergbald@landspitali.is)  
Jón Jóhannsson, meðstjórnandi, [jonjoh@simnet.is](mailto:jonjoh@simnet.is)  
Lilja Þórunn Þorgeirsdóttir, meðstjórnandi  
Margrét Hróbjartsdóttir, meðstjórnandi, sími: 587 6788

## Kristilegt félag heilbrigðisstétta



### Fréttir

Október 2011

Áb: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.  
Sálm. 119, v. 105*

### **Bænastundir KFH á þriðjudögum í vetur**

Bænastundir félagsins í vetur eru haldnar á heimilum Ólafíu Lárusdóttur, Sæviðarsundi 8 og Kari Eiríksdóttur, Kleppsvegi 142. Þátttakendur eru velkomnir kl. 16:30 en bænastundirnar eru frá kl. 17:00-18:00. Bænarefnum má koma á framfæri við Margréti Hróbjartsdóttur hs. 587 6788 og gsm. 865 4020.

### **Ráðstefna til minningar um Vigdís Magnúsdóttur**

Ráðstefna um þjónandi forystu verður í Skálholti 14. október 2011 og er tileinkuð minningu Vigdísar Magnúsdóttur sem hefði orðið áttæð á árinu. Upplýsingar eru á vefsíðunni: [thjonandiforysta.is](http://thjonandiforysta.is)

### **Veitingar á félagsfundum**

Undanfarin ár hefur Álfheiður Árnadóttir séð um veitingar á félagsfundum og mun hún gera það áfram í vetur. Þeir sem vilja leggja hönd á plóg geta verið í sambandi við Álfheiði í síma 847-0175 eða [alfheida@gmail.com](mailto:alfheida@gmail.com).

### **Hefur þú hug á að styrkja starf KFH?**

Styrktarsjóður KFH sem stofnaður var í minningu Vigdísar Magnúsdóttur, styrkir þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess. Markmið félagsins hefur jafnan verið að styðja og efla andlega og trúarlega þjónustu, sálgæslu innan heilbrigðisþjónustunnar og að stuðla að fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk um málefni er varða andlegar og trúarlegar þarfir manneskjunnar. Leggja má bein framlög inn á Styrktarsjóðinn. Reikningsnúmer: 0301-13-300201. Kt: 6602820769. Vinsamlega merkið: „almennur styrkur“.

### **Frá formanni**

Kæru félagssystkin!

Það er með gleði og tilhlökkun sem stjórn KFH gengur til næsta starfsárs. Sú vinátta og samfélag sem einkennir félagsfundi KFH og bænastarfið er mikils virði og leggur grunn að öllum þeim verkefnum sem unnin eru á vettvangi KFH. Tímarit félagsins er vaxandi og er það mikið þakkarefni að útgáfa þess hafi tekist svo vel sem skyldi. Tímaritið er hægt að afhenda til að kynna starf KFH og fyrir hvað félagið stendur.

Félagsfundirnir hafa einnig verið að eflast á undanförunum árum og hefur efni þeirra verið bæði áhugavert og gefandi. Mikilvægt er þó í starfi sem þessu að leita sífellt nýrra leiða til að starfið geti eflst enn frekar og skilað tilætluðum árangri. Í því skyni hefur stjórn KFH ákveðið að prófa nýja fundatilhögun starfsárið 2011-2012 til að sjá hvort mögulega væri hægt að höfða til enn fleiri. Fundirnir verða sem fyrr á Háaleitisbraut 58-60 en fundartíma hefur verið breytt og hefjast fundirnir kl. 17:00. Ætlunin er að bjóða upp á súpu og brauð í lok hvers fundar en það að setjast saman og ræða málin í fundarlok hefur verið stór þáttur í þessu starfi.

Fundirnir á starfsárinu hafa yfirskriftina: Viðhorf mitt til andlegrar og trúarlegrar þjónustu innan heilbrigðisþjónustunnar. Leitað hefur verið til stjórnenda sem vinna að heilbrigðis- og velferðarmálum. Hugleiðingar á fundum verða í höndum félagsfólks. Það er stjórn KFH sönn ánægja að kynna dagskrá fundanna hér í fréttabréfinu og stjórnin vonast til þess að félagsfólk fjölmenni á fundina og bjóði með sér gestum.

Í Filippibréfinu er talað um samfélagið, vináttuna sem tengir þau saman sem játa trú á Krist. Við skulum efla vináttuna og samfélagið hvert við annað á þessu starfsári! Eða eins og segir í Filippibréfinu:

„Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflynndi ykkar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt, heldur gerið í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.“ (Fil. 4:4-6)

Fyrir hönd stjórnar KFH

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður